ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

MARS 2025

Mynd: KIP

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA

Mánuðurinn hefur einkennst af ferðalögum og fundum sem sjá má nánari umfjöllun um hér í fréttabréfinu. Heimsóknir sem þessar eru mikilvægur þáttur í að koma á framfæri þeim málum sem sveitarstjórn leggur áherslu á til að tryggja hagsmuni sveitarfélagsins.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt ný málstefna Þingeyjarsveitar. Málstefnan er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins og ég hvet íbúa til að kynna sér hana.

Á undanförnum vikum hefur sveitarstjórn sent inn umsagnir um nokkur þingmál, s.s. breytingar á lögum um skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslögum, frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu. Þar að auki var send inn umsögn í samráðsgátt um breytingar á sveitarstjórnarlögum. Í undirbúningi er umsögn um frumvarp um sýslumann.

Nýlega funduðu ég og oddviti með Fjarskiptastofu vegna fyrirhugaðrar lokunar á 2G og 3G sendum, en mikilvægt er að tryggja að breytingar á fjarskiptakerfum hafi ekki neikvæð áhrif á íbúa sveitarfélagsins. Því er það okkur mjög mikilvægt að halda áfram með þessa umræðu og HÉR er að finna leiðbeiningar um hvernig á að tilkynna ef íbúar verða varir við breytingar á farsímasambandi.

Þegar þetta er skrifað er vor í lofti og gróður sem óðast að taka við sér og fuglar flykkjast að. Páskar eru á næsta leiti og óska ég ykkur gleðilegar páskahátíðar.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir,
sveitarstjóri

Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær segir síðar í fréttabréfinu!
Mynd: KIP

Settu þinn viðburð inn á viðburðadagatalið á thingeyjarsveit.is

Skrollið niður á forsíðunni þar til þið komið að viðburðum. Þar smellið þið í „senda inn viðburð“. Fyllið inn viðeigandi upplýsingar og sendið inn!

Hjálpumst að við að koma viðburðum, fundum, samkomum og öllu mögulegu á framfæri!



ÍBÚAFUNDUR VEGNA MÖGULEGS ELDGOSS Í BÁRÐARBUNGU

Þingeyjarsveit í samstarfi við Veðurstofuna og Almannavarnir boða til íbúafundar í Ýdölum þann **9. apríl kl. 15-17.**

Íbúar fá fræðslu um stöðuna í Bárðarbungu og farið verður yfir áhrif mögulegra flóða í Skjálfandafljóti sem myndu fylgja eldgosi í Bárðarbungu.

Fulltrúi veðurstofunnar fer yfir niðurstöður flóðaútreikninga og fulltrúi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra mun fara yfir gildandi viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Bárðarbungu ásamt því að svara fyrirspurnum frá íbúum.

Það er ákaflega mikilvægt að íbúar séu meðvitaðir um rétt viðbrögð og staðsetningu hjálparstöðva ef til eldgoss kemur og við hvetjum alla til að mæta á fund og fræðast!

Fundurinn verður í beinu streymi. Einnig verður hann tekinn upp og gerður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Vissir þú að...

- Jarðskjálftahrinan í janúar var sú kröftugasta síðan að síðustu eldsumbrot urðu í Bárðarbungu frá 2014 til 2015 og eldgos varð í Holuhrauni?
- Komi til rýmingar er það í höndum aðgerðarstjórnar að ákveða staðsetningu fjöldahjálpastöðva?
- Áður en íbúar á rýmingarsvæði yfirgefa hýbýli sín hengja þeir þar til gerð skilti á útihurðina eða áberandi stað sem sést vel frá vegi, þar sem fram kemur að búið sé að yfirgefa viðkomandi heimili?

VERUM UPPLÝST - MÆTUM Á FUND

NÝR SNJÓTROÐARI Í KRÖFLU

Þingeyjarsveit hefur fest kaup á snjótroðara til að nota á skíðasvæðinu í Kröflu. Íþróttafélagið Mývetningur mun hafa umsjón með notkun tækisins, en félagið hefur unnið gríðarlega mikilvægt starf síðustu ár við að byggja upp öflugt skíðastarf á svæðinu.

„Þetta er stórt skref fyrir okkur í Mývetningi og fyrir allt skíðastarfið í Mývatnssveit. Þessi snjótroðari er nýrri og áreiðanlegri og gerir okkur kleift að bjóða áfram upp á fyrsta flokks aðstæður fyrir alla sem vilja njóta vetraríþrótta," segir Anton Freyr Birgisson, formaður Mývetnings.

Með þessu framtaki styrkir Þingeyjarsveit innviði sína fyrir vetraríþróttir og stuðlar að áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu. Vonast er til að þetta muni auka áhuga íbúa og ferðamanna á að nýta skíðasvæðið í Kröflu til hins ýtrasta.

Ragnheiður Jóna, sveitastjóri afhendir Andra Karlssyni og Antoni Frey lyklana að nýja snjótroðaranum,

LAUGASKÓLI 100 ÁRA

Laugaskóli bauð þeim sem sækja félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit í heimsókn í skólann í mars. Gestirnir fengu hádegismat og kaffi, kynningu á skólanum og þeim verkefnum sem nemendur vinna að í tilefni af 100 ára afmæli skólans í ár.

Síðastliðið haust var farið af stað með áfanga til undirbúnings fyrir afmælishátíð sem haldin verður í október. Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir hefur mótað áfangann um Sögu Laugaskóla og haft umsjón með honum á þessu skólaári. Í áfanganum hefur verið unnið með margs konar viðfangsefni sem spannar 100 ára sögu skólans, frá stofnun hans árið 1925. Áfangi sem þessi krefst gífurlegrar heimildavinnu enda af mörgu að taka. Það hefur verið leiðarstef í áfanganum að hver og einn nemandi vinni út frá styrkleikum sínum og áhuga, hvort sem er við ritun, söfnun upplýsinga, tæknimálum, smíði eða í öðru formi.

Verkefni sem nemendur vinna að eru t.d. myndbönd, dagatal, skólaspjöld, byggingasaga skólans, fréttablað, nemendatöl frá 1925 fram til þessa skólaárs, myndasöfnun, grunnteikningar húsa, félagsmál og nám sl. 100 ár. Áfangi sem þessi gerir það að verkum að nemendur skilja betur fortíðina og framtíðina og kynnast nærsamfélaginu að ógleymdum áhuga hjá nemendum um sögu Laugaskóla.

Þetta var virkilega áhugaverður dagur og mikil ánægja, sérstaklega hjá fyrrum nemendum skólans með framtakið. Kærar þakkir Laugaskóli!

NÝJUNG Á HEIMASÍÐU ÞINGEYJARSVEITAR – AÐGENGI AÐ FYLGISKJÖLUM FUNDARGERÐA

Við viljum vekja athygli á nýrri og gagnlegri viðbót á heimasíðu Þingeyjarsveitar!

Nú geta íbúar nálgast fylgiskjöl með fundaliðum í fundargerðum sveitarstjórnar og nefnda.

Þessi nýjung eykur gegnsæi og auðveldar öllum að fylgjast með mikilvægum málum sveitarfélagsins.

Skoðaðu nýjustu fundargerðirnar og fylgiskjölin hér.



FULLTRÚAR Á FERÐ OG FLUGI

Í mars fóru Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri og Gerður Sigtryggsdóttir oddviti, til Reykjavíkur til að hitta ráðamenn og ræða hagsmunamál Þingeyjarsveitar. Þær funduðu meðal annars með forstöðumanni Jöfnunarsjóðs þar sem farið var yfir nýjar úthlutunarreglur og hvaða þýðingu þær hafa fyrir sveitarfélagið.

Einnig heimsóttu þær Loga Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra. Logi er einnig fyrsti þingmaður NA kjördæmis og þekkir vel þær áskoranir sem Þingeyjarsveit stendur frammi fyrir. Margt bar á góma þótt aðaláherslan hefði verið lögð á nýtingu þeirra fjölmörgu nýsköpunartækifæra tengdum jarðhitaauðlindum í sveitarfélaginu.

Þá sátu sveitarstjóri og oddviti ársfund Landsvirkjunar sem var einkar fróðlegur í ljósi þess að 60 ár eru liðin frá stofnun Landsvirkjunar. Yfirskrift fundarins var “Sterk framtíð á stoðum fortíðar”. Í málflutningi forstjóra LV og fjármálaráðherra kom m.a. fram að nauðsynlegt væri að stærri hluti tekna af orkuvinnslu rynni til nærsamfélags virkjana og forgangsatriði væri að tryggja orkuöryggi heimila og almennra notenda.

Auk þess funduðu sveitarstjóri og oddviti með nokkrum þingmönnum kjördæmisins um helstu hagsmunamál sveitarfélagsins. Má þar nefna samgönguumbætur, kostnað við snjómokstur, réttlátari skiptingu skatttekna af orkuvinnslu, uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu og mikilvægi öruggra fjarskipta á landsbyggðinni.

Ferðir sem þessar eru gríðarlega mikilvægar til að fylgja eftir áherslum sveitarfélagsins gagnvart ríkisvaldinu því eins og máltækið segir, *sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær*.

Vilt þú koma og vinna með okkur?

Þingeyjarsveit

LAUS STÖRF Í ÞINGEYJARSVEIT

Á heimasíðu Þingeyjarsveitar má finna laus störf í sveitarfélaginu.
Opið er fyrir umsóknir í eftirfarandi stöður:

- **Skólastjóri Reykjahlíðarskóla**
- **Verkefnastjóri veitna**
- **Flokksstjóri vinnuskólans**
- **Sumarstörf í Íþróttamiðstöðvum Þingeyjarsveitar**
- **Tímabundið starf í Leikskólanum Yl í maí**

NÁNARI UPPLÝSINGAR HÉR

HVER ER ÞORBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR?

Þorbjörg er skrifstofu- og skjalafulltrúi Þingeyjarsveitar

„Ég er fædd á Akureyri 1982, nánar tiltekið í innbænum á Akureyri, elsta hluta bæjarins. Þar var yndislegt að alast upp, mikið líf og fjör og ýmislegt brallað, breiður aldurshópur barna sem lék sér saman, gengið hús úr húsi upp úr kvöldmatartíma og smalað í leiki. Skautasvellið var einnig miðpunkturinn, þar var maður nánast allan daginn á veturna. Ég er yngst í hópi fimm systkina og finnst mér það mikill fjársjóður.

Ég fór á uppeldisbraut í VMA en áður en ég kláraði skólann flutti ég til Danmerkur, þar sem ég var í rúmt ár áður en ég flutti mig yfir til Noregs þar sem ég var í 19 ár. Ég kláraði svo VMA í fjarnámi þá búsett í Noregi.

Þegar ég var búin að vera 8 ár í Noregi urðu ákveðin tímamót, ég ákvað að fara heim í smá tíma og skráði mig í Háskóla Íslands. Tók þar fyrri hluta BA gráðu í menningar- og félagsfræði með áherslu á norræn tungumál og bókmenntir en var að vinna í Osló á sumrin. Svo kláraði ég BA gráðuna í Osló og útskrifaðist 2015 frá Háskólanum í Osló. Árin í Osló voru ómetanlega góður tími, þar var einstaklega gott að vera og ég sakna Noregs oft.

Trúir þú á geimverur?
„Ég er skeptískt en tilhugsunin um að geimverur séu til er skemmtileg. Um að gera að halda opnum huga og hver veit nema þær gætu þá kennt okkur eitthvað gagnlegt og skemmtilegt.“.

Nú eru rúm tvö ár síðan ég flutti heim aftur Áður en ég flutti heim var systir mín búin að finna kór handa okkur tveimur, Söngfélagið Sálubót, þar sem maðurinn hennar var að taka við sem kórstjóri. Hér var ég svo heppin að kynnast góðum manni, bónda í fallega dalnum, Reykjadal og er nú um það bil alflutt í sveitina. Ég vil endilega nota tækifærið og auglýsa svolítið kórinn, það er yndislegur félagsskapur í þessum kór og ef í einhverjum blundar sönggleði er um að gera að drífa sig og vera með. Á döfinni er m.a. Vínarferð í nóvember og margt skemmtilegt fram undan.

Mín helstu verkefni hjá sveitarfélaginu er skjalavarsla, þar sem ég held utan um skjöl sveitarfélagsins. Þingeyjarsveit er fyrsta sveitarfélagið í Þingeyjarsýslu sem tilkynnir rafrænt gagnasafn til Héraðsskjalasafns Þingeyinga og fær það samþykkt. Sveitarfélagið getur því hafið rafræn skil á sínum skjölum til Héraðsskjalasafns Þingeyinga. Allt er þetta nýtt fyrir mér en afar spennandi og ég er svo heppin með samstarfsfólk sem er vinsamlegt og sýnir mér þolinmæði.

Ég stefni svo að viðbótarnámi í skjalfræði frá HÍ í haust og hlakka ég mikið til þess ef ég kemst inn. Þar sem ég er mikill grúskari, skipulögð og vandvirk finnst mér þetta starf henta mér vel og ekki er verra þessi tengsl sem ég fæ við sveitarfélagið sem mér er farið að þykja svo vænt um. Sveitarfélag sem er í mikilli uppsveiflu og hér er blómstrandi mannlíf hvert sem litið er, mjög gaman að kynnast því og vera hluti af því. Ég held að margir gætu hugsað sér að setja sig niður fyrir utan stærstu þéttbýliskjarnana og því mikilvægt að byggja upp minni samfélög úti á landi. Í því samhengi liggja tvímælalaust tækifæri fyrir Þingeyjarsveit.“

...OG ENN Á FERÐ OG FLUGI

Ragnheiður Jóna, Gerður Sigtryggsdóttir og Arnór Benónýsson fóru aðra mikilvæga og þéttskipaða ferð til Reykjavíkur í mánuðinum þar sem þau sátu landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ferðin var að sjálfsögðu nýtt til hins ýtrasta og áttu þau góðan fund með starfsmönnum í félagsmálaráðuneytinu þar sem ræddar voru leiðir til að koma af stað þróunarverkefni í samþættingu heilbrigðis og félagsþjónustu. Ragnheiður Jóna átti einnig fundi með mannauðsráðgjafa sveitarfélagsins sem og öryggisfyrirtækinu Syndis sem hefur verið að gera öryggisúttekt hjá sveitarfélaginu. Meðan hún sat þessa fundi sóttu oddviti og Arnór 30 ára afmælisfund Samorku.

„Við áttum góðan fund með umhverfis- orku og loftslagsráðherra og innviðaráðherra þar sem við fórum yfir fjölmörg mál. Við umhverfisráðherra lögðum við áherslu á að vinna við stjórnar- og verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá hefðist sem allra fyrst. Fórum einnig yfir mögulegar friðlýsingar í Þingeyjarsveit þar sem liggur inni beiðni hjá ráðuneytinu um friðlýsingu á hverasvæðinu á Þeistareykjum. Við ræddum skattlagningu orkuvinnslu og fjölnýtingu jarðvarma og fleiri mál s.s. uppbyggingu aðstöðu við Aldeyjarfoss, Ingvararfoss og Hrafnabjargafoss og snyrtiaðstöðu við Goðafoss. Enduðum við fundinn á að bjóða ráðherra í heimsókn í Þingeyjarsveit.
Hjá innviðaráðherra fórum við yfir samgöngumál í Þingeyjarsveit og bar þar hæst á góma, einbreiðar brýr og Bárðardalsvegur. Við fórum einnig yfir vetrarþjónustu, athugasemdir okkar við frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð og helmingamokstur á móti Vegagerðinni.
Við ræddum einnig skattlagningu orkuvinnslu, gjaldtöku í ferðaþjónustu sem og Flateyjarhöfn sem varð fyrir miklum skemmdum í vetur.
Við fórum einnig yfir gríðarlegan kostnað við skólaakstur og hlutfallslega lág framlög frá Jöfnunarsjóði vegna þessa“ segir Ragnheiður Jóna, ánægð með afkastamikla ferð.

Ragnheiður Jóna og Gerður á landsþinginu.

Frá landsþinginu

Haraldur Benediktsson, Ragnheiður Jóna og Arnór á landsþinginu

FÉLAGSSTARF 60 ÁRA OG ELDRI Í ÞINGEYJARSVEIT

Dalirnir

Opin hús á þriðjudögum til skiptis í Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla

Apríl	*Maí*
1. Stórutjarnaskóli	*6. Stórutjarnaskóli*
8. Þingeyjarskóli	*13. Þingeyjarskóli*
15. Páskafrí	
22. Stórutjarnaskóli	
29. Þingeyjarskóli	

Hádegismatur:
kl. 12:30 í Stórutjarnaskóla (464 3222)
kl. 13:00 í Þingeyjarskóla (464 3583)

Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund. Hádegismatur kostar 853 kr. á mann og verður krafa send í heimabanka tvisvar sinnum á önn.
Boccia hefst kl. 11:30 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar.
Minnum á facebook síðu okkar sem heitir „Opið hús - samvera aldraðra í Þingeyjarsveit''

Bestu kveðjur, Hanna Magga (863 3381) - Svana (898 0463)

Mývatnssveitin



Opið hús í Selinu á þriðjudögum
milli kl. 13:00-16:00
Spjall, spil, kaffiveitingar
og ýmsar uppákomur.

Alltaf góður félagsskapur!
Velkomin
Ásdís í Seli

FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

APRÍL

3. Byggðarráð/FRÆV
7. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
8. Íþrótta- og tómstundanefnd
9. Skipulagsnefnd
10. Umhverfisnefnd
20. Byggðarráð
30. Sveitarstjórn

Smelltu HÉR til að lesa síðustu fundargerðir.
Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@itl.is - s: 8955886

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í apríl:

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
Viðtalstímar eftir samkomulagi hjá rjona@thingeyjarsveit.is
(í leyfi í apríl)

Margrét Hólm Valsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs
9., og 30. apríl frá 9-15 í Gíg.

Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs
10. apríl frá 9-15 í Gíg.

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs
8., 15., 22. og 29. apríl frá 10-14 í Gíg.

Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi
8. og 22. apríl frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 2. árg. 3. tbl.
Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingey, Þingeyjarsveit
Sími: 512 1800
Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is